

**Opið brjef**

Nr. 5.

1.  
april.

er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1913.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Dannerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Að Vjer samkvæmt 3. gr. stjórnarskipunarlaga 3. október 1903 um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, og samkvæmt lögum 22. október 1912 um breyting á þeim tíma, er hið reglulega alþingi kemur saman, allramildilegast höfum ákveðið að láta alþingi á Voru landi Íslandi koma saman til reglulegs fundar þriðjudaginn 1. júlí 1913.

Um leið og Vjer birtum þetta Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi, bjóðum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkurkaupstaðar, og verður þar þá sett alþingi eftir að guðsþjónustugjörð hefur farið fram í dómkirkjunni.

**Gefið á Amalíuborg, 1. apríl 1913.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.).

---

**H. Hafstein.**